27. "Ráðleysa". Athugasemd við grein séra Bjarna Jónssonar, vígslubiskups, um Reykjavík 1786 - 1936 í Morgunblaðinu 12. desember 1937.

---

1 blað ritað 13. desember 1937.

Birt

~~Leiðrétting~~

„Ráðleysa“

Það er með góðu samkomulagi við vin minn, séra Bjarna Jónsson dómkirkjuprest, að ég geri ofurlitla athugasemd við grein hans í Morgunbl. í gær. „Um Reykjavík 1786–1936“. Þar segir m. a. svo:

„Austasta húsið í bænum var þar sem Laugavegur og Klapparstígur mætast. Ekkert vit var að byggja hús lengra burt frá bænum, og því eðlilegt að hús það, er reist var fyrir austan þessa línu, væri nefnt Ráðleysa“.

Það er að vísu rétt, að bær sá, er Egill sál. Diðriksson byggði á lóðinni nr. 40 við Laugaveg, var nefndur „Ráðleysa“ – þannig mun hann jafnvel hafa nefnt hann sjálfur –, en svo stóð á því, að faðir hans, Diðrik Jónsson varð einna fyrstur manna til þess, nú fyrir nál. 100 árum, að byggja tómthús í sveit, þá er hann byggði bæ sinn við Votamúla og nefndi Diðriksstaði, en venjul. nefndur Votamúla-Norðurkot. Sökum þess hversu fráleitt ráðleysi þetta þótti, fundu menn upp á því að velja kotinu Diðriks nýtt nafn er þeim þótti hafa betur og lýsa því enn átakanlegar að þetta væri Ráðleysa og því var nafnið sjálfgefið.

Að liðin séu um 100 ár síðan Diðrik byggði bæ sinn austur þar, ræð ég af því, að Anna, dóttir hans, sem jarðsungin var að Stokkseyri í gær, var komin hátt á níræðis-aldur þá er hún lézt, en frá Diðriksstöðum voru þau öll ættuð, Bárður, Egill og Anna. Bræðurnir voru mér samskipa á Stokkseyri um mörg ár fyrir 60 árum og þekkti ég þá því vel. Bjó Egill þá að Diðriksstöðum, en flutti síðan til Reykjavíkur. Ég vil geta þess, fyrst svo ber undir að ég skrifa þessar línur, að í auglýsingu í Mbl. um jarðarför Önnu Diðriksdóttur, er hún nefnd Friðriksdóttir og er þar sennilega um misheyrn í síma að ræða.

Annars eru þessi „Ráðleysu“-nöfn þannig tilkomin er nú var lýst, og vitanlega hótfyndnis-nöfn, og svo er um fleiri nöfn, m. a. hér í bænum, t. d. Skuld, Bráðræði og Ráðleysu; þangað á þó hin alkunna fyndni um Reykjavíkur bygð rót sína að rekja, er sagt var: „Reykjavík er byggð í Skuld, byrjuð í Bráðræði og endar í Ráðleysu“.

En svo hafa menn einnig heyrt ~~getið~~ einu sinni „Ráðleysu“ nefnda, sem enginn má nefna.

13. des. 1937

Jón Pálsson